

Ingibj. Solmundsdóttir.

04.2

400.11-3

Erindi á landsfundi Kvinnalistsans í okt. 1989.

Í Ragnars sögu Loðbrókar segir frá því hvernig stúlkan Kráka--
sem í raun var Áslaug í hörpunni dóttir Brynhildar og Sigurðar
fáfnisbana -- vann hylli Ragnars. Ragnar var þá staddur í Noregi
að heimsækja vini sína og frændur. Kvöld nokkurt kemur hann á
skipi sínu í höfn eina litla og er þar skammt frá. Næsta
morgun sendir hann menn sína að bænum til að baka brauð.
Húsmóðirin á bænum lánar þeim Kráku, sem hún segir vera dóttur
sína, þeim til aðstoðar við baksturinn. Var hún mjög fögur og
gátu þeir vart haft af henni augun enda fór það svo að öll þeirra
brauð brunnu. Þegar þeir komu með brunarústirnar til Ragnars
sögðu þeir honum frá stúlkunni sjálfum sér til málsbóta. Latur
Ragnar þá senda eftir stúlkunni en við sendimenn sína sagði hann:
„Ef yður líst þessi hin unga mér svo ven sem oss er sagt, biðjið
hana fara á minn fund, og vil ég hitta hana; vil ég, að hún sé
mín. Hvorki vil ég, að hún sé klædd né óklædd, hvorki mettt né
ómett, og fari hún þó eigi ein saman, og skal henni þó enginn
maður fylgja.“ Bera sendimennirnir Kráku þessi boð og segist hún
munu koma næsta morgun. Snemma næsta morgun segir Kráka karli
þeim sem hún ólst upp hjá að hún ætli til fundar við Ragnar. „En
þó mun ég verða að breyta búnaði mínum nokkuð; þú átt urriðanet,
og mun ég það vefja að mér, en þar yfir átti ég falla hár
mitt, og mun ég þá hvergi ber. En ég mun þessum lauk, og
er það litill matur, en þó má það kenna, að ég hefi bergt. Og ég
mun láta fylgja mér hund þinn og fer ég þá eigi ein saman, en
fylgir mér enginn maður.“

Er skemmst frá því að segja að með því að leysa hið óleysanlega varð Kráka Ragnari þóknanleg og hann tók sér hana fyrir konu. Þessa gömlu sögu um Kráku má með miklum rétti heimfara upp á nútímakonur. Eins og Kráka forðum standa þær andspánis því að leysa óleysanleg verkefni og oft á tíðum tekst þeim það. Nútímakonur eiga að vera allt í senni virkir, þátttakendur í atvinnu- og þjóðfélagsmálum -- ef þær eru það ekki er það notað til marks um metnaðarleysi þeirra -- þær eiga að vera metnaðarfullar meður og hagsýnar húsmæður -- ef þær eru það ekki er það notað til marks um ábyrgðarleysi þeirra -- þær eiga að vera fallegar og vel til hafðar -- ef þær eru það ekki er kvenleiki þeirra dregin í efa. Og eins og ég sagði þá komast margar konur þokkalega frá þessu, a.m.k. um tíma, en það tekur sinn toll. Fylgifiskur flestra nútímakvenna, sem reyna að leysa hið óleysanlega og takast á við mörg og mismunandi hlutverk, er sú tilfinning að þær standi sig hvergi sem skyldi. Sektarkennd gagnvart börnunum er algeng og mjög auðskilin þegar þess er gætt að stór hópur karlmanna axlar ekki þá ábyrgð sem þeim ber, hvorki í einkalífi né í opinberu lífi.

Í könnun sem Jafnréttisráð stóð nýlega fyrir á aðstaðum kvenna í sveitarstjórnnum kom glöggst í ljós hvernig konur reyna að takast á við mörg og erfið hlutverk í einu. 19.2% sveitarstjórnafulltrúa á landinu öllu eru konur og þegar þessi hópur er skoðaður nánar kemur í ljós að þetta er ^Uafburðakonur. Meirihluti þeirra er á aldrinum 26-40 ára og þær eru svo til undantekningalaust í sambúð eða giftar. Þær eiga að meðaltali um 3 börn sem er heldur hærri hlutfall en hjá konum almennt. Þær eru flest allar í launuðu starfi og meðalvinnutími þeirra er 7,4

klst. á dag. Að meðaltali eyða þær 4-6 klst. á viku í fundarsetur og álíka löngum tíma í undirbúning vegna funda og finnst það ekki nóg. Allar hafa þessar konur mikinn áhuga á þjóðfélagsmálum og vilja sjálfan leggja sitt lóð á vogarskálarnar - sem þær og gera - en þær eru hrjáðar af tímaleysi. Ábyrgð á börnum og heimili hvílir þungt á þeim og einmitt það kann að vera ástæðan fyrir þeirri núturlegu staðreynd að 43% þeirra ætla ekki að gefa kost á sér áfram, 36% eru óákveðnar en aðeins 20% eru ákveðnar í að reyna aftur. 60% varafulltrúa ætla ekki að gefa kost á sér aftur eða eru óákveðnar og ástæðan sem margar þeirra nefna er neikvæð reynsla af þátttöku í stjórnmálum. Það sem þarna er á ferðinni er ekki séríslenskt fyrirbæri heldur er það velþekkt í nágrannalöndum okkar. Konur í Noregi stóðu andspánis nákvæmlega þessu sama fyrir nokkrum árum. Þeim tókst að fjölga konum verulega í sveitastjórnnum í einum kosningum og í næstu kosningum á eftir ákváðu margar þeirra að hætta.

Konur berjast fyrir því með oddi og egg að koma fleiri konum inn í stjórnkerfið en þegar fram líða stundir haldast þær ekki við þær. Ekki vegna þess að þær séu metnaðarlausar, vanhæfar eða úthaldslitlar heldur vegna þess að kerfið var smíðað af körlum fyrir karla og með því að fara inn í það bætast þær á sig einu verkefni enn án þess að losna við nokkuð í staðinn. Mér segir svo hugur að ~~stærta~~ ^{meira} þeirra fái ^{hvarfi} þann stuðning í orði og verki frá eiginmönnum og sambylismönnum sem þær þurfa á að halda og sem karlar fá í mun ríkari ^{hákonum} mæli. Eflaust hafa þeir karlar sem þarna eiga hlut að máli lýst sig samþykka því að konurnar væru að vasast í sveitastjórnarmálum, eða stjórnmálum almennt, ef það væri það sem þær vildu. Sumir hvetja þær eflaust til þess og finnst þeir styðja þær með ráðum og dáið, en aðrir láta þetta gott heita

orkustreymi frá konunum byggir karlar sig upp sem athafnasama þjóðfélagsþegna og noti jafnframt þessa tilvistarorku til að viðhalda og endurnýja yfirráðin yfir konunum. * Segir Anna að þetta sé e.t.v. meginatriðið í hagsmunapólitík kynjanna í dag. ✓

Ég efast ekki eitt augnablik um að þarna hefur Anna mikið til síns máls. Til þess að einstaklingar fái miklu áorkað þurfa þeir á fóstur að halda -- einhverjum sem léttir af þeim búðsorgum og sér til þess að þeir hafi tíma og aðstæður til að skapa. Hver haldið t.d. að hafi fósturð Picasso, Salvador Dali, Hannes Hafstein, Einar Benediktsson, Jón Sigurðsson -- forseta ekki iðnaðarráðherra o.s.frv. Og hver fóstur alls þessa karla sem ráða og stjórna samfélaginu? Það eru konur. Alltof fáar konur eiga sér sambærilega fóstur. Í þessu sambandi dettur mér m.a. í hug Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Hún vaknaði ung til vitundar um það óréttlæti sem konur bjuggu við á Íslandi undir lok síðustu aldar. Aðeins 16 ára gömul setur hún fyrstu hugmyndir sínar á blað en þar koma þó ekki fyrir almenningssjónir fyrr en hún er orðin 29 ára gömul. Margfragan fyrirlestur sinn flytur hún svo árið 1887 þá 31 árs gömul. Ári síðar giftir hún sig og eignast í framhaldi af því tvö börn með stuttu millibili. Árið 1994, hefur hún útgáfu Kvennablaðsins og er hægfara og hófsöm í skrifum sínum. Í raun gerist hún ekki verulega kvennapólitísk fyrr en á árunum 1906 til 1907 en þá var hún orðin fimmtug ekkja. Bríet var gift hinum mætasta manni, Valdimar Ásmundssyni ritstjóra, og við mörg takifæri þakkaði hún forsjóninni fyrir að hafa fengið hann að eiginmanni. En hann var mjög afkastamikill útgefandi og mér segir svo hugur að á þeirra heimili hafi ekki verið lífsrými fyrir tvo slíka einstaklinga. Eftir að hafa lesið bókina um hana, Strá í hreiðrið, finnst mér nokkuð ljóst að hún hafi verið honum

* Eldur
vegna þess
að þeir eru
almennir
röðulegir og
ílla innviðir
heldur vegna
þess að það
er farsenda
lembeldi
ins að flestir
falska að
þetta se
eg. hefur
við seld.

* alyktað
lasleiki á
veðrum og
falekna
sumrum.

orkuuppspretta og þ.a.l. ekki haft mikið afgangs fyrir sjálfa sig
fyrir en að honum látnum. Finnst mér ljóðin sem Valdimar yrkir til
Brietar renna stoðum undir þessa kenningu. Upphafslínurnar í einu
þeirra eru svona:

Ó Getta mín, þú gafst mér lífið aftur
sem glatað hafði ég meira en til hálf.
Ég finn það glöggst nú eykst mér allur kraftur,
nú er ég kominn til mín sjálfs. (46)

Þetta ljóð er aðeins eitt dæmi af mörgum sambærilegum sem ég er
viss um að við finnum ef við skoðum þau ljóð sem karlar hafa ort
til eiginkvenna sinna. Við þekkjum það líka úr minningargreinum
þar sem konur eru þrifaðar fyrir að hafa búið mönnum sínum og
börnum gott heimili -- með öðrum orðum þær hafa komið upp
haganlega innréttuðum orkuverum og konan er hreyfillinn sem knýr
það.

Það sem ég hef reynt að segja hér í allt of mörgum orðum er,
að konur gefast upp á stjórnmálum m.a. vegna þess að þær fá ekki
þann raunverulega stuðning og þá orkuhleðslu sem þær þurfa á að
halda. Pólitíkin verður einfaldlega of erfið, tímafrek og
tætandi. Ef konur eiga að geta beitt sér í stjórnmálum þá þurfa
þær á því fósturi að halda sem fram til þessa hefur verið
forréttindi karla. Andspánis þessari staðreynd getum við auðvitað
valið þann kost að gefast upp og sagt við hver aðra að þetta
gangi aldrei upp. Karlar muni aldrei taka að sér slíkt hlutverk
og þær að auki geri þeir allt með öfugum klónum. En ef við veljum
þennan kost þá skulum við líka annað hvort játa okkur sigraðar
eða reyna að lifa allt lífið sem ofurkonur, sjálfum okkur og
öðrum konum til armáðu. Ég vil hvorugt. Ég vil heldur ekki eyða

lífi mínu í það að fárast yfir því hvað karlar séu ómögulegir, mínir karlar líka. Eg vil að karlar -- ekki síst mínir karlar-- veiti mér lífsrými. En ég á það ekki bara undir þeim, ég á það líka undir sjálfri mér. Það eru ekki allar mínar ófarir körlum að kenna. Eg, og við allar hérna, eigum fullt af fjandmönnum innra með okkur sjálfum. Við höfum ekki gengið ósnortnar í gegnum uppeldismaskínu karlveldisins. Við búum yfir mörgum góðum kvenlegum kostum en við erum um leið bölvaðir gallagripir. Við erum t.d. smámunasamar. Hvaða máli skiptir það t.d. þó handklæðin séu ekki rétt brotin saman inni í skáp, eða þó skyrtur séu hengdar á öxlunum upp á snúru, eða þó það sé dálítið af fötum inni í stofu, eða þó börnin séu stundum sundurgerðarleg í klæðaburði o.s.frv? Hvaða máli skiptir það þó af og til sé ekki tekið til í 2-3 vikur og við þurfum að klofa yfir eitthvað af leikföngum og ýta aðeins frá okkur draslinu til að geta sest í sófann? Kannski myndi ekkert af þessu skipta okkur neinu verulegu máli nema vegna þess að „það gati einhver komið og hvað myndi hún halda þegar hún sæi allt draslið“.

Okkur hattir líka til að taka á okkur píslarvætti og láta í það skína að það sem við gerum gerum við af fórnarlund. Ef við viljum eitthvað gefum við gjarnan í skyn að við viljum það alls ekki - þá eru helst líkur til að við fáum það. Það er t.d. landlægt í Kvinnalistanum að konur má alls ekki langa. Ef einhver fær minnsta pata af því að einhverja konu langi eitthvað þá koma upp alls kyns efasemdir um ágæti hennar og hreinleika. Er hún ekki orðin of metorðagjöfn og sjálfumglöð? Við erum aldar upp við það að halda óskum okkar og löngunum í skefjum, vera ekki að trana okkur fram, ~~vera ekki metnar~~, taka svo mikið tillit til annarra að við hattum að taka tillit til okkar sjálfra og að hafa

sektarkennd yfir öllu því sem aflaga fer í heiminum. Og af því að við megum ekki gefa hlutina í skyn með beinum hætti gerum við það með óbeinum. Við gagnrýnum óbeint, sýnum óánægju okkar með sviðbrigðum en ekki orðum og þegar við viljum eitthvað finnum við fyrir því ótal rök önnur en þau sem að baki búa - þ.e. okkur langar. Þannig flytjum við með okkur inn í pólitískt umhverfi okkar það sem ég vil kalla kúgunareinkenni kvenna. Og við í Kvinnalistanum höfum aldrei svo mikið sem reynt að taka á þeim. Meðan við gerum það ekki - ekki fremur en aðrar konur - hvernig getum við þá búist við því að konur séu keikar heima fyrir og segi „ég vil þetta og ég vil hitt“. Hvernig getum við þá búist við að konur snúi hlutunum við heima hjá sér og fái aðra til að aðlaga sig að þeirra vali í stað þess að aðlaga sig alltaf að vali annarra?

Það sem hér hefur verið sagt kann að hljóma eins og útúrdúr frá því efni sem ég byrjaði að ræða, þ.e. af hverju konur gefast upp á setu í sveitastjórnnum, en það er það samt ekki. Ég held að þetta sé sameiginlegt flest öllum konum hvar í flokki sem þær standa - líka þeim sem ekki eru í flokkum. [Ég veit að samfélagið er ekki skipulagt út frá þörfum kvenna, ég veit að aðstaður barnafjölskyldna eru mjög erfiðar, ég veit að „kerfið“ var búið til af körlum fyrir karla og þar er leikið eftir þeirra leikreglum, ég veit að karlar eru ekki eins og við vildum hafa þá og ég veit líka að stundum snúast vopnin í höndunum á okkur, eða eins og menn sögðu á síðustu öld „íslands óhamingju verður allt að vopni“. Við fórum af stað með Kvinnalistanum til að breyta þessu öllu saman og við höfum sent sög af konum inn í kerfið á forsendum kvenna. Aðrar konur hafa siglt í kjölfarið og m.a. borist inn í sveitastjórnir á þeirri bylgju sem við vorum

upphafið að. Nú eru margar þeirra að gefast upp m.a. vegna þess að höfum ekki skilið kjarnann frá hisminu og sú kvennabarátta sem hefur staðið út í samfélaginu hefur ekki náð inn fyrir vegg heimilisins. Í því efni held ég að við séum ekkert nær settu marki en við vorum fyrir 8 árum. Við höfum engan tíma til að bíða eftir því að karlar taki það upp hjá sjálfum sér að breytast. Það er hagsmunamál okkar að þeir breytist hratt og vel. Við þurfum að læra að standa - ekki bara með öðrum konum - heldur með okkur sjálfum og karlar þurfa að læra að taka þarfir annarra fram yfir sínar eigin.]

Ath. erð um að konur þurfi að standa fastar á sínu og gefast ekki upp.